

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli
á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið
1. október til 31. desember 1980.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1980:

Óverkaður saltfiskur	U. S. § pr. lest feb.
Stórfiskur nr. 1	2 900.—
Millifiskur nr. 1	2 700.—
Smáfiskur 40/60 nr. 1	2 300.—
Smáfiskur 60/100 nr. 1	2 200.—
Verðbil verður 3½% og miðast við verðhækkun eingöngu.	

Greiðslur í sjóðinn verða 25% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 25% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi eins og það er á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 23. október 1980.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli
á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið
1. október til 31. desember 1980.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1980:

Vélskelflett rækja.

Færri en 350 st. í lb.:

	SDR pr. lb. cif.
Blokkfryst	2.78
5x2 kg og 4x2.5 kg vatnshúðuð, sérfryst	2.78
5x2 kg og 4x2.5 kg óvatnshúðuð, sérfryst	2.92
500 gr. vatnshúðuð, sérfryst	3.23
200 gr. vatnshúðuð, sérfryst	3.39

Fleiri en 350 st. í lb. og óflokkuð:

	U. S. § pr. lest fob.
Blokkfryst	2.65
5x2 kg og 4x2.5 kg vatnshúðuð, sérfryst	2.65
5x2 kg og 4x2.5 kg óvatnshúðuð, sérfryst	2.78
500 gr. vatnshúðuð, sérfryst	3.08
200 gr. vatnshúðuð, sérfryst	3.23
Verðbil verður 4%.	

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 62.5% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádrægnu verðbili.

Verðin miðast við viðskiptagengi eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 23. október 1980.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

7. október 1980.

Nr. 562.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Styrktarfélag og Styrktarsjóð Íslensku Óperunnar (Félag áhugafólks um óperu- og óperuettuflutning), útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra, 7. október 1980.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir styrktarfélag og styrktarsjóð íslensku óperunnar
(Félag áhugafólks um óperu- og óperuettuflutning)

1. gr.

Félagið heitir Styrktarfélag íslensku Óperunnar og sjóðurinn Styrktarsjóður Íslensku Óperunnar. Hvort tveggja með heimili og varnarþing í Reykjavík.

2. gr.

Þeir einstaklingar, stofnanir og félög, sem veita íslensku Óperunni árlegan stuðning með fjárframlögum, mynda félagsskap til eflingar starfsemi Íslensku Óperunnar, er heitir Styrktarfélag Íslensku Óperunnar.

Félagið er opið öllu áhugafólki um óperu- og óperuettuflutning, sbr. þó 5. gr. i. f.

3. gr.

Af fjárframlögum styrktarfélaga skal mynda sérstakan sjóð er nefnist Styrktarsjóður Íslensku Óperunnar.

Sjóðurinn er eign Íslensku Óperunnar.

Stjórn Íslensku Óperunnar skal hafa stjórn sjóðsins með hendi og ráðstafa sjóðnum eftir þörfum Íslensku Óperunnar hverju sinni og í þágu hennar. Sjóðinn skal ávaxta í viðurkenndum lánastofnunum, verðtryggðum ríkisskuldabréfum eða fasteignum.